Upplýsingagjöf tengd sjálfbærni

1 Inngangur

Íslensk verðbréf hf. (hér eftir „**ÍV**“ eða „**félagið**“) leggur áherslu á að viðskiptavinir félagsins séu upplýstir um með hvaða hætti sjóðir í rekstri félagsins vinna eftir regluverki sjálfbærra fjármála í starfsemi sinni. ÍV hefur innleitt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2019/2088 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu. Innleiðing reglugerðarinnar mun halda áfram að þróast og dýpka eftir því sem upplýsingar sem við nýtum í starfsemi félagsins verða betri og gagnlegri við stýringu sjóða.

2 Yfirlýsing um mat á sjálfbærniáhættu í fjárfestingarákvörðunartökuferli sjóða (3.gr.)

Sjálfbærniáhætta getur haft neikvæð áhrif á virði og ávöxtun fjárfestinga ÍV og markmið ÍV er að lágmarka þessa áhættu. ÍV hefur í því skyni innleitt í starfsemi sína stefnur og ferla sem eru hluti af fjárfestingarferli sjóða. Með sjálfbærniáhættu er átt við umhverfis-, félags eða stjórnarhátta atburð eða ástand sem, ef það á sér stað, gæti valdið raunverulegum eða hugsanlegum verulegum neikvæðum áhrifum á verðmæti fjárfestinga.

Sjálfbærniáhætta er metin áður en fjárfestingarákvörðun er tekin að því marki sem traustar upplýsingar frá útgefendum fjármálagerninga eru aðgengilegar við ákvarðanatöku. Þegar upplýsingar um sjálfbærniáhættu liggja fyrir framkvæmir ÍV sjálfstæða greiningu á því hvernig sjálfbærniáhætta getur haft áhrif á virði eða ávöxtun þeirrar fjárfestingar sem um ræðir hverju sinni. Greining á áhrifum sjálfbærniáhættu á virði eða ávöxtun fjárfestingar verður loks borin saman við fjárfestingarstefnu sjóðs eða fjárfestingarmarkmið viðskiptavinar áður en endanleg fjárfestingarákvörðun er tekin.

Sjálfbærniáhætta þarf ekki að koma í veg fyrir fjárfestingu eða ráðleggingar um að fjárfesta í fjármálagerningi með slíka áhættu. Viðeigandi ráðstafanir vegna óásættanlegrar sjálfbærniáhættu fjárfestingarkosts eru breytilegar eftir atvikum og eðli áhættunnar. Á meðal þeirra ráðstafana sem ÍV eignastýring getur gripið til er að fjárfesta ekki í vöru, minnka vægi vörunnar í eignasafni eða sjóði, eiga viðræður við útgefendur, veita útgefendum aðstoð við að lágmarka áhættu, beita virku eignarhaldi til að tryggja að gripið verði til tilhlýðilegra ráðstafana, o.fl.

ÍV leitast við að fjárfesta í fyrirtækjum og sjóðum sem hafa sjálfbærni að leiðarljósi og taka virkan þátt í þróun á sjálfbærum fjármálaafurðum. Þetta gildir um allar fjárfestingar félagsins, þ.m.t. alla fjárfestingarflokka og fjármagn í stýringu utanaðkomandi aðila.

3 Yfirlýsing um neikvæð áhrif fjárfestingaákvarðana ásjálfbærniþætti (e. PAI) (4.gr.)

ÍV tekur ekki að svo stöddu tillit til neikvæðra áhrifa af fjárfestingaákvörðunum á sjálfbærniþætti á einingastigi (e. entity level) í samræmi við b-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2019/2088 frá 27. nóvember 2019 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu. Ástæða þess er sú að núverandi stefna um sjálfbærni og ábyrgar fjárfestingar ásamt því vinnulagi sem ÍV tileinkar sér er sniðin að fjárfestingarstefnu sjóða í rekstri ÍV og sérgreindra safna í stýring félagsins. .

ÍV telur sig ekki geta framkvæmt hæfilegt mat á neikvæðum áhrifum fjárfestinga sinna á sjálfbærniþætti þar sem ófjárhagslegar upplýsingar margra fyrirtækja eru ennþá ófullnægjandi og ekki nægjanlega samræmdar til þess að unnt sé að gera slíkt mat. ÍV mun vinna að því að þróa aðferðir til að nálgast gögn og meta þau svo félaginu verði í framtíðinni unnt að meta neikvæð áhrif fjárfestinga á sjálfbærniþætti. ÍV mun endurskoða afstöðu sína árlega og hyggst taka tillit til neikvæðra áhrifa

fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti um leið og það verður viðráðanlegt að teknu tilliti til umfangs starfsemi félagsins.

4 Gagnsæi starfskjarastefnu í tengslum við hvernig áhætta tengd sjálfbærni er felld inn sbr. 5. gr. SFDR

Starfskjarastefnan er liður í að gæta hagsmuna sjóðsfélaga, annarra viðskiptavina, langtímahagsmuna hluthafa ÍV, starfsmanna og annarra hagsmunaaðila með skipulegum og gagnsæjum hætti.

Í starfskjarastefnu ÍV er gætt að því að hún stuðli ekki að óeðlilegri áhættutöku, heldur hvetji til þess að langtímasjónarmið séu höfð að leiðarljósi og heilbrigður rekstur félagsins tryggður. Starfskjarastefnan miðar að því að menning félagsins, stefna, gildi, sjálfbærni og langtímasjónarmið hluthafa ÍV og annarra haghafa haldist í hendur.

Starfskjarastefnu félagsins er ætlað að styðja við góða stjórnarhætti og þar með draga úr sjálfbærniáhættu.

Félagið hefur mótað sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar og má nálgast hana á heimasíðu félagsins. Félagið telur að samfélagsleg ábyrgð, þ.e. áhersla á umhverfisþætti, félagslega þætti og góða stjórnarhætti, sé mikilvæg forsenda þess að fyrirtæki stuðli að sjálfbærni og geti skilað góðri afkomu til langs tíma.

5 Breytingar og gildistaka

Reglurnar taka gildi við undirskrift. Reglur þessar skulu endurskoðaðar á hverju ári eða eftir því sem tilefni gefst til.

5.1 Breytingaskrá

Útgáfa	Dagsetning	Ákvörðunaraðili	Breyting
1.0	31.03.2025	Stjórn	Nýjar reglur

5.2 Útgáfustjórnun og ábyrgð

Útgáfa	1.0	**Dagsetning**	31.03.2025
Ákvörðunaraðili:	Stjórn	**Endurskoðun:**	31/03/2026
Umfang:	Almennt um upplýsingagjöf tengd sjálfbærni		
Gildissvið:	Stefnan nær til ÍV þ.m.t. stjórnar félagsins, framkvæmdarstjóra og stjórnenda.		
Yfirskjal:	Stefna um áhættustýringu. Stefna um fjárfestingar		
Eigandi:	Framkvæmdastjóri		
Birting:	Heimasíða		

Þannig samþykkt af stjórn Íslenskra verðbréfa hf.